

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um mengun frá tímum bandarísku herstöðvarinnar á Heiðarfjalli á Langanesi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra fylgt eftir eða brugðist á einhvern hátt við sameiginlegri kröfu norrænu umhverfisverndarsamtakanna um hreinsun á Heiðarfjalli á Langanesi sem send var bandarískum stjórnvöldum í desember sl.?
2. Hefur ráðherra fylgst með framvindu mála þar sem hreinsun er hafin á menguðum jarðvegi í sambærilegum yfirgefnum herstöðvum Bandaríkjahers, svo sem á Resolution-eyju í Nunavut í Kanada?
3. Hvað hefur ráðherra aðhafst til að tryggja að íslenskir aðilar, landeigendur, sveitarfélag og stofnanir, nái rétti sínum í þessu máli gagnvart þeim yfirvöldum, bandarískum eða innlendum, sem ábyrgð bera á ástandinu á Heiðarfjalli?
4. Hefur ráðherra skoðað réttarstöðu málsaðila í deilum um mengun á Heiðarfjalli út frá grundvallarreglum Ríó-yfirlýsingarinnar, svo sem varúðarreglunni og mengunarbóta-reglunni?